


Rannsóknir á seiðastofnum í Vatnsdalsá árið 2008

Bjarni Jónsson og Karl Bjarnason

Skagafirði 2008

VMST/08038



Veidimálastofnun Norðurlandsdeild

**Sæmundargata 1, 550 Sauðárkrókur. Sími: 580-6340, Bréfsími:580-6342
Veffang: www.veidimal.is Netfang: nordurlandsdeild@veidimal.is**

Inngangur og aðferðir

Fylgst hefur verið með seiðabúskap vatnasvæðis Vatnsdalsár árlega allt frá árinu 1985. Með þeirri vöktun er að verða til ómetanlegur gagnagrunnur og upplýsingar um lífríki árinna, sveiflur í ástandi laxastofna og ekki síst um áhrif mismunandi nýtingarfyrirkomulags á nýliðun og stofnsamsetningu. Mikilvægt er að þessar rannsóknir séu framkvæmdar á svipaðan hátt frá ári til árs til að samanburður á milli ára sé marktækur.

Rannsóknir ársins 2008 voru gerðar 23.-24. ágúst og var alls rafveitt á 12 stöðum á vatnasvæðinu; sjö stöðum í Vatnsdalsá, tveimur í Álku og einum stað í Hólkotskvísl, Vaglakvísl og Tunguá. Ekki var rafveitt í Kornsa að þessu sinni. Ávallt er veitt á sömu stöðum á hverju ári og hafa veiðistaðirnir verið valdir með tilliti til þess að fá sem besta yfirsýn yfir seiðabúskap vatnasvæðisins. Veidd var ein umferð á hverjum stað og stærð veiðistaðanna var á bilinu 112 - 380 m², allt eftir aðstæðum á hverjum stað.

Þéttleiki seiða á hverja 100 m² var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt. Þar sem aðeins er veidd ein yfirferð og ekki veiðast öll seiði á svæðinu gefur þessi aðferð aðeins vísitölu seiðarþéttleika en ekki heildarþéttleika seiða á svæðinu: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{m}^2$ (tölur 1–3).

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt í ána aftur. Meðallengd og þyngd allra laxa-, bleikju- og urriðaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum stað (tölur 4-12). Ástandsstuðull er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess:

$\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd}(gr) / \text{lengd}^3(cm)) * 100$. Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða á hverjum stað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum veiðistað og þéttleika sama árgangs á sama stað: $\text{lífþyngd á } 100 \text{ m}^2 = \text{meðalþyngd}(gr) * \text{þéttleiki á } 100 \text{ m}^2$ (tölur 13-15).

Gögn um heildarþéttleika allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í ánni eftir árum frá 2001-2008 voru tekin saman. Tvær mismunandi aðferðir eru notaðar við útreikningana:

Aðferð A: Allir staðir vega jafnt óháð stærð þeirra, þéttleiki seiða er reiknaður á hverri stöð fyrir sig og síðan tekið meðaltal stöðvanna fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = \text{þéttleiki hvernar stöðvar fyrir hvert ár lagður saman} / \text{fjöldi stöðva}$ (tölur 16-18).

Aðferð B: Þéttleiki seiða reiknaður fyrir ána í heild fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = (\text{heildarfjöldi veiddra seiða í ánni} / \text{heildarflatarmál veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{ m}^2$ (tölur 19-21). Í túlkun og umræðum um þéttleika seiða á vatnasvæði Vatnsdalsár eftir árum er stuðst við útreikninga samkvæmt aðferð A. Aðferð B er aðeins notuð til viðmiðunar.

Einnig voru tekin saman gögn um meðallengd allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða eftir ám og á vatnasvæðinu í heild árin 2001 – 2008 (tölur 22-24) og samskonar gögn fyrir meðalþyngd, meðalástandsstuðla og lífþyngd árin 2002 – 2008 (tölur 25-33).

Niðurstöður rafveiða

Vatnsdalsá

Efsti rafveiðistaðurinn í Vatnsdalsá, (staður 1, mynd 1) er fyrir neðan Dalsfoss. Þar veiddust þrjú árgangar af laxaseiðum, vorgömul, eins árs og fjögurra ára og reyndust eins árs seiðin vera í miklum þéttleika og þeim mesta í rannsókninni. Þéttleiki vorgömlu seiðanna var góður og tvö fjögurra ára seiði veiddust (tafla 1, mynd 2a). Ekki varð vart við bleikju- eða urriðaseiði (tölur 2 og 3).

Fyrir ofan Stekkjarfoss er rafveiðistaður 2 (mynd 1). Vorgömul og eins árs laxaseiði voru í talsverðum þéttleika og vart varð við tveggja- og fjögurra ára laxaseiði (tafla 1, mynd 2a). Eitt vorgamalt bleikjuseiði veiddist (tafla 2, mynd 7) og einnig eitt vorgamalt urriðaseiði (tafla 3, mynd 8a).

Rafveiðistaður 3 (mynd 1) er skammt fyrir neðan Forsæludal. Þar veiddust fjórir yngstu árgangar af laxaseiðum, þar sem eins árs og þriggja ára seiði voru í góðum þéttleika en minna var af vorgömlum og tveggja ára (tafla 1, mynd 2a). Ekki varð vart við bleikjuseiði (tafla 2), árgömul urriðaseiði reyndust vera í miklum þéttleika en minna var af vorgömlum og tveggja ára urriðaseiðum (tafla 3, mynd 8a).

Rétt ofan við ármót Vatnsdalsár og Álku er rafveiðistaður 5 (mynd 1). Árgömul laxaseiði reyndust vera í góðum þéttleika en minna var af tveggja- og þriggja ára seiðum. Ekki varð vart við vorgömul laxaseiði (tafla 1, mynd 2a). Ekkert bleikjuseiði veiddist (tafla 2) en vorgömul og eins árs urriðaseiði fundust í frekar litlu magni (tafla 3, mynd 8a).

Við ármót Vatnsdalsár og Gilár er rafveiðistaður 7, (mynd 1). Árgömul laxaseiði voru þar í allmiklum þéttleika, dálítið var af vorgömlum seiðum og vart varð við þriggja ára laxaseiði (tafla 1, mynd 2a). Eins og áður reyndist mesti þéttleiki bleikjuseiða á vatnasvæði Vatnsdalsár vera á þessum rafveiðistað og byggðist hann einkum á vorgömlum seiðum, en einnig fannst eitt árgamalt bleikjuseiði (tafla 2, mynd 7). Tvö urriðaseiði veiddust, vorgamalt og eins árs (tafla 3, mynd 8a).

Á rafveiðistað 8 (mynd 1), sem er á móts við Hof veiddust tveir yngstu árgangarnir af laxaseiðum og reyndust báðir vera í sæmilegum þéttleika (tafla 1, mynd 2b). Nokkur þéttleiki var af vorgömlum bleikjuseiðum (tafla 2, mynd 7). Þá var þéttleiki vorgamalla urriðaseiða talsverður (tafla 3, mynd 8a).

Neðsti rafveiðistaðurinn í Vatnsdalsá er fyrir neðan Skriðuvað (staður 9, mynd 1). Þar veiddust fjórir yngstu árgangarnir af laxaseiðum og voru allir í sæmilegum þéttleika, minnst var þó af þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2b). Ekki varð vart við bleikjuseiði (tafla 2) en tveggja og þriggja ára urriðaseiði fundust, í litlum mæli þó (tafla 3, mynd 8b). Á þessum rafveiðistað veiddust einng þrjú hornsíli.

Álka

Rafveitt var á tveimur stöðum í Álku og var efri staðurinn neðst í Álkugilinu (staður 2, mynd 1). Þar veiddust 5 yngstu árgangarnir af laxaseiðum og voru eins- og tveggja ára seiði í heldur meiri þéttleika en hinir árgangarnir (tafla 1, mynd 3). Hvorki varð vart við bleikju- eða urriðaseiði (töflur 2 og 3).

Neðri rafveiðistaðurinn í Álku er nokkuð fyrir neðan brúna yfir ána (staður 3, mynd 1). Þéttleiki árgamalla laxaseiða var þar mikill og einnig var þéttleiki vorgamalla, tveggja- og þriggja ára seiða mjög góður (tafla 1, mynd 3). Ekki varð vart við bleikju- eða urriðaseiði (töflur 2 og 3).

Hólkotskvísl

Skammt fyrir ofan ármót Hólkotskvíslar við Vaglakvísl er rafveiðistaður 5 (mynd 1). Að þessu sinni fannst þar aðeins eitt fjögurra ára laxaseiði (tafla 1, mynd 4) og engin bleikju- eða urriðseiði fundust (töflur 2 og 3).

Vaglakvísl

Í Vaglavísl er rafveiðistaður 3 rétt ofan við ármótin við Hólkotskvísl (mynd 1). Vorgömul laxaseiði voru þar í geysi miklum þéttleika og þeim langmesta af öllum rafveiðistöðunum í vatnakerfinu, einnig voru eins árs seiði góðum þéttleika (tafla 1, mynd 5). Engin bleikju- eða urriðaseiði fundust (töflur 2 og 3).

Tunguá

Fyrir neðan brúna yfir Tunguá er rafveiðistaður 2 (mynd 1). Eins árs laxaseiði reyndust vera í mjög miklum þéttleika þar og talvert magn var af tveggja- og þriggja ára laxaseiðum, en ekki varð vart við vorgömul seiði (tafla 1, mynd 6). Engin bleikjuseiði veiddust (tafla 2) en þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var geysi mikill og vottur fannst af eins árs seiðum (tafla 3, mynd 9).

Umræða

Árgangastyrkleiki og vöxtur seiða

Þéttleiki laxaseiða á vatnasvæði Vatnsdalsár var samkvæmt rafveiðum sumarið 2008 mjög góður, þótt hann hafi verið heldur minni en mælst hefur síðustu tvö ár (töflur 1, 16a og 16b). Að þessu sinni reyndist nokkurt magn fjögurra ára seiða vera í ánni sem bendir til að hluti seiðanna gangi eldri til sjávar en síðustu ár. Laxaseiðin voru mjög vel dreifð um vatnasvæðið, vörgömul seiði veiddust á langflestum rafveiðistöðum og árgömul á öllum nema einum. Mesti þéttleiki vörgamalla seiða var í Vaglakvísl og árgamalla á stöð 1 í Vatnsdalsá og í Tunguá. Mesti þéttleiki eldri árganga laxaseiða var í Álku. Sérstaka athygli vekur mikill þéttleiki vörgamalla seiða í Vaglakvísl en þar hefur nú átt sér stað vel heppnuð hrygning tvö ár í röð en áður fyrr þekktist ekki laxahrygning á þessum slóðum í vatnakerfinu.

Ekki eru mælanlegar breytingar á magni bleikjuseiða á vatnasvæði Vatnsdalsár en að þessu sinni fundust þau einkum á stöðum 7 og 8 í Vatnsdalsá, sem eru við ármót Gilár og á móts við Hof (töflur 2, 17a og 17b). Hins vegar virðist magn urriðaseiða heldur fara vaxandi, einkum um miðbik Vatnsdalsár og í Tunguá, en í Tunguá voru vörgömul urriðaseiði í mjög miklu magni að þessu sinni (töflur 3, 18a og 18b).

Sumarið 2006 var kalt og sólarlítið og því voru vaxtarskilyrði seiða slæm það sumar og samkvæmt rannsóknnum voru það einkum tveir yngstu árgangarnir sem það bitnaði sérstaklega á. Árin þar á undan höfðu verið óvenju hagstæð seiðavexti sem varð til þess að hluti þeirra gekk yngri til sjávar en í meðalárferði, að sama skapi olli afturkiptur í vexti seiðanna sumarið 2006 því að þau fóru að ganga eldri til sjávar á ný. Þannig var nokkurt magn fjögurra ára laxaseiða í ánum haustið 2008 en sá árgangur hefur varla sést síðan árið 2003.

Vegna góðra vaxtarskilyrða á vatnasvæðinu síðustu tvö ár er lengd og þyngd allra árganga laxaseiða í góðu meðallagi og má því búast við að seiðin fari á nýjan leik að ganga yngri til sjávar ef vaxtarskilyrði verða áfram góð (töflur 4, 5, 22a, 22b, 25a og 25b). Sama gildir einnig um bleikju- og urriðaseiði, að meðallengd og meðalþyngd er

í góðu meðallagi þó tveggja- og þriggja ára urriðaseiðin hafi ekki náð sér að fullu enn (tölur 7-8, 10-11, 23-24 og 26-27).

Ástand laxaseiðanna eða holdafar var yfirleitt mjög gott haustið 2008 og var ástandsstuðullinn að jafnaði vel yfir 1,0 (meðalholdafar) nema hjá vorgömlu seiðunum í Vaglakvísl, þar sem var bæði mikið magn seiða og þau frekar smá (tölur 6, 28a og 28b). Meðalástandsstuðull bleikjuseiða er um 0,9 og reyndust bleikjuseiðin í vatnakerfi Vatnsdalsá vera um og yfir því gildi í þessari rannsókn (tölur 9, 29a og 29b). Urriðaseiðin voru einnig í mjög góðu ástandi og allir árgangar með ástandsstuðul vel yfir 1,0 að meðaltali (tölur 10, 30a og 30b).


Vísitala lífþyngdar, sem er margfeldi þéttleika og meðalþyngdar hvers árgangs seiða á hverjum rafveiðistað, endurspeglar oft aldursamsetningu seiðabúskapar áa. Í heild er lífþyngd laxaseiða í Vatnsdalsá og hliðarám heldur minni en síðustu tvö ár, enda er hlutfall laxaseiða á fyrsta ári hærra og minna af eldri seiðum. Eins og tvö síðustu ár var lífþyngd hæst á neðsta rafveiðistaðnum í Álku (tölur 13, 31a og 31b). Lífþyngd bleikjuseiða var mest á stöð 7 í Vatnsdalsá en í heild var hún lægri en mælst hefur síðan að mælingar á henni hófust á vatnasvæðinu árið 2002 (tölur 14 og 32). Litlar sveiflur hafa verið í lífþyngd urriðaseiða síðustu árin, mesta lífþyngd þeirra mældist að þessu sinni á stöð 3 í Vatnsdalsá (tölur 15 og 33).

Almenn umræða


Niðurstöður rannsókna á seiðastofnum í Vatnsdalsá og hliðarám hennar haustið 2008 sýna áframhaldandi sterka og batnandi stöðu laxastofna vatnakerfisins þrátt fyrir heldur minni seiðapéttleika en tvö síðustu ár. Árgangar laxaseiða eru mjög vel dreifðir um vatnasvæðið en aldursamsetning seiðaárganga hefur nokkuð breyst, nú veiddist meira magn fjögurra ára seiða sem varla hafa sést í vatnakerfinu síðustu fjögur ár, auk þess sem þéttleiki þriggja ára seiða reyndist allmikill. Líkleg skýring á þessari breytingu eru slakari vaxtarskilyrði seiðanna sumarið 2006 sem veldur lengri dvöl þeirra í vatnakerfinu. Vöxturinn var hinsvegar nálægt meðallagi þó hann standist ekki samanburð síðustu árin þar á undan sem voru óvenjuleg. Vorgamli árgangurinn frá 2006, sem nú er tveggja ára, hefur náð sér allvel á strik þrátt fyrir hægari vöxt fyrsta árið og er því líklegur til að ganga til sjávar að stærstum hluta vorið 2009.

Seiðaganga ársins 2008, sem byggðist að hluta á þriggja- og fjögurra ára seiðum, hefur verið góð en útlit er fyrir enn betri seiðagöngu til sjávar vorið 2009 sem standa mun saman af fleiri árgöngum. Ef vaxtarskilyrði haldast jafngóð og verið hafa síðustu tvö ár er þess að vænta að aldur gönguseiða lækki á nýjan leik.


Sterkar seiðagöngur munu standa undir smálaxaveiði sumarið 2009 og stórlaxaveiði 2010 og góðar líkur eru á því að sjógönguárgangar seiða sem ganga til sjávar vorið 2009 muni geta skilað enn betri smálaxaveiði sumarið 2010 og stórlaxaveiði ári síðar. Ástand laxastofna Vatnsdalsár er því einkar gott um þessar mundir.




Mynd 1: Rafveiðistaðir í Vatnsdalsá og hliðarám.




Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá sumarið 2008.




Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá sumarið 2008.




Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Álku sumarið 2008.




Mynd 4: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Hólkotskvísl sumarið 2008.




Mynd 5: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vaglakvísl sumarið 2008.




Mynd 6: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Tunguá sumarið 2008.




Mynd 7: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Vatnsdalsá sumarið 2008.



Mynd 8a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Vatnsdalsá sumarið 2008.



Mynd 8b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Vatnsdalsá sumarið 2008.



Mynd 9: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Tunguá sumarið 2008.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám sumarið 2008.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá-staður 1	140	5,00	17,14			1,43
Vatnsdalsá-staður 2	144	6,25	9,72	0,69		0,69
Vatnsdalsá-staður 3	175	1,14	6,86	2,29	4,00	
Vatnsdalsá-staður 5	200		6,00	3,00	0,50	
Vatnsdalsá-staður 7	124	2,42	12,10		0,81	
Vatnsdalsá-staður 8	216	3,70	2,31			
Vatnsdalsá-staður 9	380	2,89	2,37	3,42	1,05	
Álka-staður 2	200	2,00	4,50	4,00	1,50	1,50
Álka-staður 3	170	4,71	13,53	9,41	5,29	
Hólkotskvísl-staður 5	242					0,41
Vaglakovísl-staður 3	132	31,06	5,30			
Tunguá-staður 2	112		15,18	4,46	3,57	

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám sumarið 2008.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Vatnsdalsá-staður 1	140				
Vatnsdalsá-staður 2	144	0,69			
Vatnsdalsá-staður 3	175				
Vatnsdalsá-staður 5	200				
Vatnsdalsá-staður 7	124	11,29	0,81		
Vatnsdalsá-staður 8	216	4,17			
Vatnsdalsá-staður 9	380				
Álka-staður 2	200				
Álka-staður 3	170				
Hólkotskvísl-staður 5	242				
Vaglakovísl-staður 3	132				
Tunguá-staður 2	112				

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám sumarið 2008.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Vatnsdalsá-staður 1	140				
Vatnsdalsá-staður 2	144	0,69			
Vatnsdalsá-staður 3	175	2,29	9,14	1,14	
Vatnsdalsá-staður 5	200	2,00	1,50		
Vatnsdalsá-staður 7	124	0,81	0,81		
Vatnsdalsá-staður 8	216	8,33			
Vatnsdalsá-staður 9	380			0,53	0,53
Álka-staður 2	200				
Álka-staður 3	170				
Hólkotskvísl-staður 5	242				
Vaglakovísl-staður 3	132				
Tunguá-staður 2	112	50,00	0,89		

Tafla 4: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	4,19	0,45	7	8,19	0,64	24							14,20	1,70	2
Vatnsdalsá-st. 2	4,14	0,29	9	7,79	0,45	14	10,40		1				12,90		1
Vatnsdalsá-st. 3	4,10	0,14	2	7,09	0,74	12	9,63	0,39	4	11,46	0,64	7			
Vatnsdalsá-st. 5				8,10	0,92	12	9,85	0,39	6	11,00		1			
Vatnsdalsá-st. 7	4,23	0,57	3	7,11	0,82	15	10,80		1						
Vatnsdalsá-st. 8	4,23	0,20	8	7,06	0,59	5									
Vatnsdalsá-st. 9	5,42	0,34	11	8,28	0,48	9	10,65	0,42	13	12,03	0,17	4			
Álka-staður 2	4,53	0,28	4	7,61	0,79	9	9,79	0,45	8	11,70	0,56	3	13,60	0,36	3
Álka-staður 3	4,05	0,36	8	7,45	0,75	23	9,91	0,45	16	11,58	0,57	9			
Hólkotskvísl-st. 5													14,30		1
Vaglakovísl-st. 3	4,13	0,23	41	7,36	0,36	7									
Tunguá-staður 2				6,78	0,52	17	9,14	0,44	5	11,30	0,50	4			
Samtals	4,31	0,50	93	7,56	0,82	147	9,99	0,61	54	11,56	0,55	28	13,77	0,88	7

Tafla 5: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	0,86	0,24	7	6,15	1,41	24							32,75	9,83	2
Vatnsdalsá-st. 2	0,71	0,18	9	5,22	0,96	14	12,80		1				24,60		1
Vatnsdalsá-st. 3	0,70	0,14	2	3,77	1,20	12	10,13	0,92	4	16,89	2,44	7			
Vatnsdalsá-st. 5				5,61	1,74	12	10,17	1,73	6	13,10		1			
Vatnsdalsá-st. 7	0,80	0,36	3	3,83	1,39	15	13,30		1						
Vatnsdalsá-st. 8	0,75	0,19	8	3,86	1,65	5									
Vatnsdalsá-st. 9	1,70	0,37	11	6,34	1,30	9	13,26	1,66	13	19,28	1,23	4			
Álka-staður 2	0,90	0,32	4	4,62	1,57	9	10,18	1,64	8	16,30	3,11	2	27,87	3,61	3
Álka-staður 3	0,80	0,25	8	4,92	1,55	23	11,24	1,83	16	17,19	1,47	9			
Hólkotskvísl-st. 5													35,00		1
Vaglakvísl-st. 3	0,66	0,10	41	4,36	0,76	7									
Tunguá-staður 2				3,62	0,81	17	8,56	1,49	5	15,63	2,19	4			
Samtals	0,84	0,38	93	4,86	1,61	147	11,19	2,15	54	16,97	2,20	27	29,81	5,85	7

Tafla 6: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2008 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	1,17	0,28	7	1,10	0,06	24							1,13	0,06	2
Vatnsdalsá-st. 2	0,98	0,06	9	1,09	0,07	14	1,14		1				1,15		1
Vatnsdalsá-st. 3	1,01	0,10	2	1,03	0,06	12	1,14	0,07	4	1,12	0,12	7			
Vatnsdalsá-st. 5				1,02	0,04	12	1,06	0,08	6	0,98		1			
Vatnsdalsá-st. 7	0,99	0,12	3	1,03	0,05	15	1,06		1						
Vatnsdalsá-st. 8	0,99	0,24	8	1,05	0,13	5									
Vatnsdalsá-st. 9	1,06	0,10	11	1,11	0,04	9	1,09	0,06	13	1,11	0,03	4			
Álka-staður 2	0,94	0,19	4	1,01	0,06	9	1,08	0,05	8	1,02	0,01	2	1,10	0,05	3
Álka-staður 3	1,17	0,08	8	1,16	0,07	23	1,15	0,10	16	1,11	0,09	9			
Hólkotskvísl-st. 5													1,20		1
Vaglakvísl-st. 3	0,94	0,08	41	1,09	0,13	7									
Tunguá-staður 2				1,14	0,06	17	1,11	0,03	5	1,08	0,02	4			
Samtals	1,00	0,15	93	1,09	0,08	147	1,11	0,08	54	1,10	0,09	27	1,13	0,05	7

Tafla 7: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1									
Vatnsdalsá-st. 2	6,00		1						
Vatnsdalsá-st. 3									
Vatnsdalsá-st. 5									
Vatnsdalsá-st. 7	4,91	0,42	14	7,20		1			
Vatnsdalsá-st. 8	4,49	0,27	9						
Vatnsdalsá-st. 9									
Álka-staður 2									
Álka-staður 3									
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakvísl-st. 3									
Tunguá-staður 2									
Samtals	4,80	0,48	24	7,20		1			

Tafla 8: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1									
Vatnsdalsá-st. 2	2,00		1						
Vatnsdalsá-st. 3									
Vatnsdalsá-st. 5	1,13	0,25	14	3,40		1			
Vatnsdalsá-st. 7	0,84	0,17	9						
Vatnsdalsá-st. 8									
Vatnsdalsá-st. 9									
Álka-staður 2									
Álka-staður 3									
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakvísl-st. 3									
Tunguá-staður 2									
Samtals	1,06	0,32	24	3,40		1			

Tafla 9: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá 2008 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1									
Vatnsdalsá-st. 2	0,93		1						
Vatnsdalsá-st. 3									
Vatnsdalsá-st. 5									
Vatnsdalsá-st. 7	0,94	0,08	14	0,91		1			
Vatnsdalsá-st. 8	0,92	0,08	9						
Vatnsdalsá-st. 9									
Álka-staður 2									
Álka-staður 3									
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakvísl-st. 3									
Tunguá-staður 2									
Samtals	0,94	0,08	24	0,91		1			

Tafla 10: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1												
Vatnsdalsá-st. 2	5,10		1									
Vatnsdalsá-st. 3	4,95	0,24	4	8,43	0,50	16	9,70	0,14	2			
Vatnsdalsá-st. 5	4,98	0,15	4	8,63	0,67	3						
Vatnsdalsá-st. 7	5,00		1	8,90		1						
Vatnsdalsá-st. 8	4,48	0,15	18									
Vatnsdalsá-st. 9							9,65	0,07	2	11,90	0,14	2
Álka-staður 2												
Álka-staður 3												
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglakvísl-st. 3												
Tunguá-staður 2	4,51	0,36	56	7,80		1						
Samtals	4,56	0,34	84	8,45	0,52	21	9,68	0,10	4	11,90	0,14	2

Tafla 11: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1												
Vatnsdalsá-st. 2	1,60		1									
Vatnsdalsá-st. 3	1,30	0,29	4	6,49	0,98	16	9,95	1,48	2			
Vatnsdalsá-st. 5	1,38	0,05	4	7,13	1,69	3						
Vatnsdalsá-st. 7	1,40		1	7,50		1						
Vatnsdalsá-st. 8	1,00	0,13	18									
Vatnsdalsá-st. 9							11,35	0,78	2	19,8	0,14	2
Álka-staður 2												
Álka-staður 3												
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglakovísl-st. 3												
Tunguá-staður 2	1,16	0,29	56	5,90		1						
Samtals	1,15	0,27	84	6,60	1,06	21	10,65	1,26	4	19,8	0,14	2

Tafla 12: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2008 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1												
Vatnsdalsá-st. 2	1,21		1									
Vatnsdalsá-st. 3	1,06	0,11	4	1,08	0,05	16	1,09	0,12	2			
Vatnsdalsá-st. 5	1,12	0,09	4	1,09	0,06	3						
Vatnsdalsá-st. 7	1,12		1	1,06		1						
Vatnsdalsá-st. 8	1,11	0,08	18									
Vatnsdalsá-st. 9							1,26	0,06	2	1,18	0,05	2
Álka-staður 2												
Álka-staður 3												
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglaskvísl-st. 3												
Tunguá-staður 2	1,24	0,09	56	1,24		1						
Samtals	1,19	0,11	84	1,09	0,06	21	1,17	0,13	4	1,18	0,05	2

Tafla 13: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Vatnsdalsá-st. 1	4,3	105,5			46,8	156,6
Vatnsdalsá-st. 2	4,4	50,8	8,9		17,1	81,2
Vatnsdalsá-st. 3	0,8	25,8	23,1	67,5		117,3
Vatnsdalsá-st. 5		33,7	30,5	6,6		70,7
Vatnsdalsá-st. 7	1,9	46,3				48,2
Vatnsdalsá-st. 8	2,8	8,9				11,7
Vatnsdalsá-st. 9	4,9	15,0	45,4	20,3		85,6
Álka-staður 2	1,8	20,8	40,7	24,5	41,8	129,6
Álka-staður 3	3,8	66,5	105,8	91,0		267,1
Hólkotskvísl-st. 5					14,5	14,5
Vaglakovísl-st. 3	20,6	23,1				43,7
Tunguá-staður 2		54,9	38,2	55,8		148,9

Tafla 14: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Vatnsdalsá-st. 1						0,0
Vatnsdalsá-st. 2	1,4					1,4
Vatnsdalsá-st. 3						0,0
Vatnsdalsá-st. 5						0,0
Vatnsdalsá-st. 7	12,7	2,7				15,5
Vatnsdalsá-st. 8	3,5					3,5
Vatnsdalsá-st. 9						0,0
Álka-staður 2						0,0
Álka-staður 3						0,0
Hólkotskvísl-st. 5						0,0
Vaglakovísl-st. 3						0,0
Tunguá-staður 2						0,0

Tafla 15: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Vatnsdalsá-st. 1						0,0
Vatnsdalsá-st. 2	1,1					1,1
Vatnsdalsá-st. 3	3,0	59,3	11,4			73,7
Vatnsdalsá-st. 5	2,8	10,7				13,5
Vatnsdalsá-st. 7	1,1	6,0				7,2
Vatnsdalsá-st. 8	8,3					8,3
Vatnsdalsá-st. 9			6,0	10,4		16,4
Álka-staður 2						0,0
Álka-staður 3						0,0
Hólkotskvísl-st. 5						0,0
Vaglakvísl-st. 3						0,0
Tunguá-staður 2	57,9	5,3				63,1

Tafla 16b: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2008 reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	3+ss	4+	5+
Vaglakovísil												
2001	1	350	350				0,57					
2002	1	140	140						0,71			
2003	1	185	185	6,49	2,70		2,70		0,54			0,54
2004	1	208	208		13,94		1,92		0,96			
2005	1	120	120		6,67		7,50		3,33			
2006	1	174	174	5,17	25,86		4,60		1,72			
2007	1	81	81				13,58		4,94			
2008	1	132	132	31,06	5,30							
Tunguá												
2001	1	480	480		5,42		1,88		0,83			
2002	1	234	234		3,85		6,41		2,14			
2003	1	320	320	0,31	4,69				1,25			
2004	1	325	325	4,31	9,54		2,15		0,62			
2005	1	160	160	8,75	7,50		1,25		1,88			
2006	1	224	224	11,61	37,50		7,59		0,45			
2007	1	84	84	1,19	35,71		7,14		1,19			
2008	1	112	112		15,18		4,46		3,57			
Kornsá												
2001	1	306	306		4,90		0,98					
2002	1	240	240	0,83	1,67		0,83					
2003	1	333	333		3,00		0,90		0,30			
2004	1	212	212	15,09	6,60		0,94					
2005	1	189	189	3,70	10,05		2,12					
2006	1	315	315	1,27	7,94		1,90					
2007	1	72	72	8,33	18,06		1,39					
2008*												

* Ekki veitt í Kornsá 2008

Tafla 17a: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2008 reiknaður með aðferð A

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá og hliðarár								
2001	14	5888	421	0,62	0,07	0,02		
2002	15	4818	321	2,24	0,27	0,17		0,03
2003	16	4798	300	2,86	0,27	0,10		
2004	15	5204	347	2,31	0,20	0,16		
2005	15	3454	230	0,57	0,10	0,08		
2006	13	2822	217	1,72	0,16			0,05
2007	13	2017	155	0,72	0,31		0,07	
2008	12	2235	186	1,35	0,07			
Vatnsdalsá								
2001	6	2437	406	1,30				
2002	7	2850	407	4,55	0,35	0,30		
2003	7	2304	329	5,17	0,25	0,15		
2004	7	2183	312	4,89	0,32	0,29		
2005	7	1652	236	1,15	0,14	0,10		
2006	7	1661	237	3,20	0,11			
2007	7	1287	184	1,15	0,24			
2008	7	1379	197	2,31	0,12			
Álka								
2001	3	1600	533	0,19		0,11		
2002	3	1004	335					0,15
2003	3	1036	345			0,19		
2004	3	1746	582		0,09			
2005	3	975	325		0,19	0,19		
2006	2	310	155		0,63			0,31
2007	2	335	167,5				0,48	
2008	2	370	185					

Tafla 17b: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2008 reiknaður með aðferð A

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
Tunguá								
2001	1	480	480		0,63			
2002	1	234	234		0,43	0,43		
2003	1	320	320		2,19			
2004	1	325	325					
2005	1	160	160					
2006	1	224	224					
2007	1	84	84		2,38			
2008	1	112	112					
Kornsá								
2001	1	306	306	0,33	0,33			
2002	1	240	240	1,67	1,25			
2003	1	333	333	0,60	0,30			
2004	1	212	212	0,47	0,47	0,47		
2005	1	189	189	0,53				
2006	1	315	315					
2007	1	72	72	1,39				
2008*								

* Ekki veitt í Kornsá 2008

Tafla 18a: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2008 reiknaður með aðferð A

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá og hliðarár								
2001	14	5888	421	0,60	0,31	0,04	0,02	
2002	15	4818	321	0,79	0,07	0,02	0,01	
2003	16	4798	300	4,01	0,53	0,34	0,03	
2004	15	5204	347	1,24	0,39	0,95	0,09	
2005	15	3454	230	1,72	0,35	0,54	0,07	
2006	13	2822	217	4,85	1,47	0,32	0,20	
2007	13	2017	155	1,60	0,64	0,27		0,09
2008	12	2235	186	5,34	1,03	0,14	0,04	
Vatnsdalsá								
2001	6	2437	406	1,12	0,03			
2002	7	2850	407	0,99	0,15	0,04	0,03	
2003	7	2304	329	1,30	0,89	0,64	0,06	
2004	7	2183	312	0,90	0,38	0,90	0,19	
2005	7	1652	236	0,60	0,40	0,24	0,16	
2006	7	1661	237	4,24	0,96	0,27	0,37	
2007	7	1287	184	1,64	0,66	0,16		
2008	7	1379	197	2,02	1,64	0,24	0,08	
Álka								
2001	3	1600	533					
2002	3	1004	335					
2003	3	1036	345					
2004	3	1746	582					
2005	3	975	325					
2006	2	310	155			0,31		
2007	2	335	167,5					
2008	2	370	185					

Tafla 18b: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2008 reiknaður með aðferð A

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
Vaglakvísl								
2001	1	350	350			0,57	0,29	
2002	1	140	140					
2003	1	185	185	30,81				
2004	1	208	208	7,21	0,48	3,85		
2005	1	120	120	9,17	0,83	4,17		
2006	1	174	174	8,05	5,75	1,15		
2007	1	81	81		1,23			1,23
2008	1	132	132					
Tunguá								
2001	1	480	480		0,83			
2002	1	234	234	0,85				
2003	1	320	320	15,00	0,94			
2004	1	325	325	0,31	1,23	1,23		
2005	1	160	160	5,00	0,63	0,63		
2006	1	224	224	15,18	4,46	0,45		
2007	1	84	84	2,38	2,38	2,38		
2008	1	112	112	50,00	0,89			
Kornsá								
2001	1	306	306	1,63	3,27			
2002	1	240	240	4,17				
2003	1	333	333	6,31	0,30	0,90		
2004	1	212	212	4,72	1,42	2,83		
2005	1	189	189	7,41	1,06	1,59		
2006	1	315	315	10,16	2,22			
2007	1	72	72	6,94				
2008*								

* Ekki veitt í Kornsá 2008

Tafla 19b: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2008 reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	3+ss	4+	5+
Vaglakvísl											
2001	1	350				0,57					
2002	1	140						0,71			
2003	1	185	6,49	2,70		2,70		0,54			0,54
2004	1	208		13,94		1,92		0,96			
2005	1	120		6,67		7,50		3,33			
2006	1	174	5,17	25,86		4,60		1,72			
2007	1	81				13,58		4,94			
2008	1	132	31,06	5,30							
Tunguá											
2001	1	480		5,42		1,88	0,83				
